



Skýrsla sveitarstjóra Sveitarstjórnarfundur -14. nóvember 2017-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

Bíodísel:

Vinna EFLU við hagkvæmnisathugun við uppsetningu Bíodísel verksmiðju á Blönduósi liggur nú fyrir. Verið er að vinna úr niðurstöðum og fundir með hagaðilum eru fyrirhugaðir á næstu vikum.

Kvennaskóli:

Óskað var eftir því í vor við fjárlaganefnd að ljúka gerð 3 ára samnings milli stjórnvalda og Bs. um menningu og atvinnumál um viðhaldsfé til Kvennaskólans. Ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnar eru að vinna í málinu og er vonast til að úr þessu verði skorið á næstu vikum. Stefnt er að því að ljúka við Árbraut 33 á næsta ári og eins að hefja framkvæmdir við „Lönguvitleysu“ á árinu en það rými verður notað undir vinnustofur fyrir listamenn.

Sameining sveitarfélaga í A-Hún.

Þann 31. október sl., var haldinn fundur í Samstarfsnefnd sveitarfélaga í A-Hún. í Skagabyggð. Fundurinn samþykkti að Þorleifur Ingvarsson yrði formaður nefndarinnar. Rætt var um að óska eftir upplýsingum frá Jöfnunarsjóði um jöfnunarsjóðsframlag vegna vinnu við sameiningarinnar og jafnframt rætt að ná samtali við stjórnvöld um hvata í atvinnu- og byggðamálum sem sveitarfélögin geti sameinist um. Umræður urðu um við hvaða ráðgjafarfyrirtæki ætti að semja til að sjá um vinnuna í tengslum við sameiningu sveitarfélaga í A-Hún.



Samþykkt var að fela formanni að koma með tillögu að ráðgjafarfyrtæki fyrir næsta fund Samstarfsnefndarinnar.

Þekkingarsetrið á Blönduósi:

Samningur til næstu 3 ára við ráðuneytið er burðarliðnum. Lögð verður áhersla á sérstöðu svæðisins í því sambandi og þá sérstaklega textíllinn. Töluvert hefur verið unnið að því að skilgreina betur verkvið hvers og eins þeirra starfsmanna sem vinna í Kvennaskólanum. Ljóst er að rými Kvennaskólans er farið að standa starfseminni fyrir þrifum og nauðsynlegt að ráðast í frekari framkvæmdir sem fyrst.

Framkvæmdir:

Leikkastali við Blönduskóla

Leikkastali á skólalóð var formlega tekin í notkun 20. október síðastliðin við mikin fögnuð skólabarna. Verkið hefur hlotið mikið lof og hafa komið margar fyrirspurnir um með framkvæmir á skólalóðinni en einnig var settur upp ærslabelgur þar í sumar. Jarðvegsskiptin voru í höndum Ósverks og uppsetning kastalans var unnin af Stíganda. Í fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir frekari fjármagni til að ljúka við allan frágang lóðar við leiktækin.

Áhaldahús

Blönduósbær er þessa daganna að taka við húsinu á Ægisbraut 1b þar sem Prima var til húsa. Búið er að teikna nauðsynlegar breytingar á húsinu og verður ráðist í þær á næstunni. Felast þær m.a. í að setja stóra aksturhurð á húsið, gera flóttaleið út úr gaffli hússins við Ægisbraut 1 og loka gluggum sem eru orðnir verulega fúnir á götuhlið hússins. Gera má ráð fyrir að húsið komist í gagnið öðru hvoru megin við áramót en starfssemin var flutt frá Efstubraut í janúar sl.

Hrútey

Send var inn umsókn til framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða vegna Hrúteyjar. Sótt var um styrk til að laga aðkomu, bílastæði og uppsetningu gömlu Blöndubrúarinnar í eyjuna. Búið er að ljúka öllu skipulagsferli vegna breytinganna og hafa samráð við hlutaðeigandi



aðila vegna framkvæmdarinnar. Eru bundnar vonir við að styrkur til framkvæmdanna komi á næsta ári þannig að hægt sé að vinna verkið næsta sumar. Í gegnum árin hefur verið umræða um að opna eyjuna að hluta á varptíma og er nauðsynlegt að umræða um það fari fram innan sveitarfélagsins. Eyjan er vinsæll áningarstaður og er ljóst að það hefði jákvæð áhrif að ferðamenn kæmust allt árið í eyjuna þó að takmarkanir yrðu á því á varptíma.

Verndarsvæði í byggð

Unnið hefur verið að verndarsvæði í byggð (Gamli bærinn) á árinu og komu ráðgjafar TGJ á íbúafund sem var vel sóttur í Félagsheimilnu. Þessa daganna er verið að ljúka við gerð greinargerðar um byggðina í Gamla bænum og í framhaldinu verður mótuð tillaga að Verndarsvæði í byggð (Gamli bærinn).